

Allan kostnað sakarinnar greiði hinir ákærðu in solidum, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, sins, Péturs Magnússonar hrm, kr. 300.00.

Fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður að 2 árum liðnum, ef skilorð laga eru haldin.

Brottfall refsingarinnar er enn fremur skilyrt því:

Að ákærðu endurgreiði s/f Grími í Borgarnesi, hver um sig, innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, kr. 2000.00 ásamt 3% ársvöxtum frá 27. apríl s. l. til greiðsludags, – Friðrik Þórðarson þó frá 30. apríl s. l.

Að ákærðu feli löggiltum máflutningsmanni innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa að innheimta í sjóð s/f Gríms hjá hlutaðeigendum fé það, er þeir samkvæmt framengreindum fundarsamþykktum hafa greitt 27., 28. og 29. og 30. apríl s. l., ásamt 3% ársvöxtum frá 27. apríl s. l. til greiðsludags, –

Að framangreindum tveim skilyrðum verði fullnægt undir eftirliti sýslunefndar Mýrasýslu.

Ákærðu skulu sýknir af kæru valdstjórnarinnar í málinu.

Ákærðu verður ekki vikið úr s/f Grimur né sviptir umboði til þess að stjórna félaginu, en bannað er þeim að greiða félagsmönnum í s/f Grími, frekar en orðið er, samkvæmt framangreindum fundarsamþykktum.

Ákærðu skulu að svo stöddu sýknir af hinni gerðu endurgreiðslukröfu, en að öðru leyti visast henni frá dómi.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. maí 1942.

Nr. 14/1942. **Hannes Jónsson, Þórður Einarsson og Jóhann Magnússon.** (Einar B. Guðmundsson)
gegn

Neskaupstað. (Stefán Jóh. Stefánsson).

Útsvarsmál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til hæstaréttar með stefnu 11. febr. þ. á., hafa krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður og lögtak samkvæmt honum verði úr gildi felld og að stefnda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Stefndi hefur kraf-

ist staðfestingar á hinum áfrýjuðu dómsathöfnum og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda in solidum fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Vorið 1940 tók áfrýjandi Þórður Einarsson 7 færeysk skip á leigu yfir sildveiðitímann það ár. Í máli þessu kveðst Þórður hafa látið áfrýjanda Hannesi Jónssyni í té leigurétt á 3 skipa þessara og áfrýjanda Jóhanni Magnússyni á 1, en sjálfur hafi hann haft 3. Enga skriflega samninga hafi áfrýjendur þó gert með sér um þessi skipti sín. Í öðru máli um útsvarsskyldu eins hinna færeysku leigusala, sem dæmt var í hæstarétti 31. jan. 1941, kom þó það fram, að áfrýjendur hefðu haft félagsskap um leigu 2 skipa þessara, og sama virðist hafa komið fram af hálfu áfrýjanda Þórðar í bókunum fyrir fógatarétti Norðfjarðar, er fógatagerðir fóru þar fram til tryggingar útsvörum, er lögð höfðu verið þar á hina færeysku leigusala. Virðist því mega telja áfrýjendur hafa verið í félagi um skipaleigu þá og sildarútvæg sumarið 1940, er í máli þessu greinir Verður að telja niðurjöfnunarnefnd hafa verið að lögum heimilt að leggja útsvör á félagsskap þenna, og verður því að staðfesta hinn áfrýjaða fógataúrskurð og lögtaksgerð með framangreindum athugasemdum.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Það athugast, að atvikalýsing í hinum áfrýjaða úrskurði er ábótavant að því leyti, að eigi er nægileg greinargerð um upphaf félagsskapar hinna stefndu.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógataúrskurður og lögtaksgerð eiga að vera óröskuð.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Úrskurður fógataréttar Neskaupstaðar 12. janúar 1942.

Gerðarbeiðandi hefur krafizt þess, að tekið verði lögtak hjá gerðarþola fyrir ógreiddu útsvari hans fyrir árið 1941 til bæjar sjóðs Neskaupstaðar að upphæð kr. 20000.00 auk kostnaðar við gerð þessa að skaðlausu eða eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina.

Niðurjöfnunarnefnd Neskaupstaðar hefur lagt útsvar fyrir árið 1941 á Sildarútgerð Hannesar Jónssonar, Þórðar Einarssonar og Jóhanns Magnússonar á Norðfirði og talið, að þeir félagar hafi haft með sér útsvarsskyldan félagsrekstur hér á Norðfirði á sumrinu 1940, sem þeir hafi rekið með 7 færeyskum leiguskipum, og beri þeim því að greiða álagt útsvar, kr. 20 þúsund, auk kostnaðar.

Þenna skilning á því, að hér hafi verið um félagsrekstur að ræða, hefur skattanefnd Neskaupstaðar einnig haft, sbr. rskj. nr. 4 í máli þessu, og var þessi skilningur niðurjöfnunarnefndar og skattanefndarinnar síðan staðfestur af yfirkattanefnd Neskaupstaðar svo og af ríkisskattanefnd, sbr. rskj. nr. 5 í máli þessu.

Aðalrökstuðningur gerðarbeiðanda á þessum skilningi sínum um það, að hér hafi verið um félagsrekstur að ræða, er þessi:

Að rekstur allra skipanna hafi farið fram sameiginlega héðan frá Neskaupstað og hafi Þórður Einarsson einn haft fjárreiður þeirra allra með höndum samkvæmt yfirlýsingu hans sjálfs í fógetarétti Neskaupstaðar 4. sept. 1940.

Enn fremur að í máli, sem bæjarsjóður Neskaupstaðar höfðaði gegn eiganda tveggja hinna færeysku skipa út af útsvarsskyldu hans hér, komi glögg fram, að þeir Jóhann Magnússon, Þórður Einarsson og Hannes Jónsson hafi haft með sér félagsskap um rekstur þessara skipa og að Þórður Einarsson hafi sjálfur viðhaft eftirfarandi ummæli í fógetarétti Neskaupstaðar 24. sept. 1940, að hinn færeyski skipseigandi „hafi leigt útgerðarfélagi hans hitt skipið, Kyrjasteinur, fyrir fastákveðið verð, kr. 12000.00, ásamt fleiri kvöðum.“

Gerðarbeiðandi heldur því enn fremur fram á rskj. nr. 4, að samkvæmt upplýsingum, er skattanefnd Neskaupstaðar hafi fengið frá sildarverksmiðjunni á Siglufirði, þá hafi löndunarsamningar þeirra félaga við ríkisverksmiðjurnar hljóðað upp á ákveðið magn sildar, er ríkisverksmiðjurnar tækju af samningsskipum Sildarbræðslunnar á Norðfirði, en ekki bundnir við þau skip, er Hannes Jónsson telur fram fyrir.

Loks ber skattanefnd Neskaupstaðar það á rskj. nr. 4, að Þórður Einarsson og Jóhann Magnússon hafi ómögulega getað talið fram til skatts á lögskyldum tíma, því fyrst hafi þeir þurft, að þeirra eigin sögn, að fara til Reykjavíkur og gera þar upp reksturinn í samráði við Hannes Jónsson og framkvæma skipti, er Þórður Einarsson og Jóhann Magnússon hafi báðir talið fram seint í aprilmánuði. Gerðarbeiðandi heldur því og fram, að viðskipti gerðarþola við verzlanir og aðra aðilja, hafi verið rekin sameiginlega fyrir öll skipin, og að sá rekstur hafi verið nefndur „sildarútgerðin“.

Þórður Einarsson og Jóhann Magnússon, sem mætt hafa í máli þessu, segjast mótmæla því, að hér sé um félagsrekstur að ræða, og segjast enn fremur neita því, að þeir mæti í máli þessu fyrir Hannes Jónsson. Jóhann Magnússon hefur gefið Þórði Einarssyni umboð til þess að mæta fyrir sig í málinu.

Helztu rök gerðarþola Þórðar Einarssonar fyrir því, að ekki sé um félagsrekstur að ræða, eru þau, að hann (Þórður Einarsson) hafi tekið á leigu færeysku skipin: Boðasteinur, Kyrjasteinur, Mjóanes, Capellan, Norðfarið, Silver Spray og Solbrun, og skyldi skipeigandi fá 55% af afla hvers skips og honum ábyrgzt minnst 14 krónur fyrir hvert sildarmál, en hann greiddi kaup skipverja og allar tryggingar, nema hvað skipið Kyrjasteinur hafi verið leigt fyrir fastákveðna leigu, d. kr. 12000.00, ásamt fleiri kvöðum. Leigutaki skyldi hins vegar af öllum skipunum, nema Kyrjasteinur, sem eins og áður greinir var leigt fyrir fastákveðna leigu, fá 45% og leggja til báta, veiðarfæri og oliu. Enn fremur átti leigutaki að greiða kaup nótabassa og allan kostnað, er til félli við útgerð skipanna á Íslandi.

Leigusamning um Boðasteinur segist Þórður Einarsson hafa yfirfært á Jóhann Magnússon og samning um Kyrjasteinur, Norðfarið og Solbrun á Hannes Jónsson. Heldur gerðarþoli því fast fram, að um engan félagsrekstur hafi verið að ræða, og telur því óheimilt að leggja skatt eða útsvar á þá þremmingana sameiginlega, þar eð þeir hafi ekki haft með sér neinn félagsskap, og visar máli sínu til stuðnings til þess, að skipin hafi ekki verið gerð út öll frá ákveðnum stað, heldur lagt upp veiddan afla á ýmsum stöðum. Enn fremur visar gerðarþoli máli sínu til stuðnings til nýuppkveðins hæstaréttardóms í skattamálum vegna útgerðar skipanna Eldborg og Eldey, svo og til þess, að Hannes Jónsson sé útsvarsskyldur í Kirkjuhvammshreppi í Húnavatnssýslu og greiði þar útsvar af öllum tekjum sínum.

Gerðarþoli hefur því mótmælt framgangi umkrafinnar lögtaksgerðar og krefst málskostnaðar eftir mati réttarins.

Samkvæmt framlögðum gögnum í málinu, þá telur rétturinn sannað, að Þórður Einarsson hafi einn haft á hendi fjárreiður allra hinna 7 færeysku skipa, svo og er það sannað, að hann viðhefur sjálfur þau ummæli í fógetarétti Neskaupstaðar, eftir að útgerð hinna umræddu skipa er lokið; þann 24 sept. 1940, að hinn færeyski skipseigandi „hafi leigt útgerðarfélagi hans hitt skipið, Kyrjasteinur, fyrir fastákveðið verð, kr. 12000, ásamt fleiri kvöðum.“ Enn fremur hefur öll skattanefnd Neskaupstaðar lýst því yfir í bókun sinni 2% 1941, rskj. nr. 4, að þeir Þórður Einarsson og Jóhann Magnússon hafi ómögulega getað talið fram til skatts á lögskyldum tíma, því fyrst hafi þeir þurft, að þeirra eigin sögn, að fara til

Reykjavíkur og gera þar upp reksturinn í samráði við Hannes Jónsson og framkvæma skipti. Álitur rétturinn, þar sem hérna er um opinbera sýslunarmenn að ræða í starfi sínu, þá verði að taka framangreinda bókun skattanefndarinnar á rskj. nr. 4 að fullu til greina um það atriði, sem þar um ræðir.

Verður rétturinn því, með tilvísun til þess, sem að framan greinir, svo og með tilvísun til þess, hvernig útgerð þessi var rekin hér sameiginlega á sumrinu 1940, að álita, að um félagsrekstur hafi verið að ræða, sem leggja beri á útsvar í einu lagi vegna rekstrarins, eins og hér hefur verið gert, og að Þórður Einarsson, Hannes Jónsson og Jóhann Magnússon beri sameiginlega, einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð á hinu álagða útsvari kr. 20000.00, auk málskostnaðar, sem telst hæfilega metinn kr. 100.00.

Úrskurður í máli þessu hefur dregið vegna veikindaforfalla dómars.

Þvi úrskurðast:

Umkrafin lögtaksgerð hjá gerðarþola, Sildarútgerð Hannesar Jónssonar, Þórðar Einarssonar og Jóhanns Magnússonar, skal fram ganga fyrir álagðu útsvari, kr. 20000.00, auk málskostnaðar, kr. 100.00.

Föstudaginn 29. maí 1942.

Nr. 27/1942. **Pétur Bóasson f. h. eigenda Hafnar**
 gegn
Jóni Jóhannessyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, **Pétur Bóasson f. h. eigenda Hafnar**, sem eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.
